



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 7. desember 2017 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson

Steindór R. Haraldsson vék af fundi kl 11.00. Dagskrárliðir 1 og 7 höfðu þá verið teknir til umræðu og afgreiðslu.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### 1. Fjárhagsáætlun 2018 -2021(fyrri umræða)

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana fyrir árin 2018-2021 til fyrri umræðu.

Fjárhagsáætlun 2018 var annarsvegar tekin til umræðu og hins vegar fjögurra ára áætlun 2018-2021.

Sveitarstjóri og oddviti fóru yfir og gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum áætlunarinnar. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir helstu meginatriði hennar.

Samþykkt að vísa áætluninni til annarrar umræðu.

### 2. Félags- og skólaþjónusta A-Hún

#### a. Fundur stjórnar 28. nóv. 2017

Fundargerðin var til kynningar.

#### b. Fjárhagsáætlun 2018

Í fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu sem stjórn hafði samþykkt á fundi 28.11.2017 kemur m.a.

fram að heildarframlög sveitarfélaganna nemi samtals 88.243 þús. Skipting framlaga milli málaflokka og verkefna er að vegna almennrar félagsþjónustu verði samtals 61.738 þús. til skólaþjónustu 16.698 þús. til dreifnáms 4.808 þús. og til öldrunarmála 5.000 þús. Hluttur Skagastrandar í framlögum er 22.565 þús. eða 25,6%.

Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við áætlunina.

### 3. Tónlistarskóli A-Hún

#### a. Fundur stjórnar 7. nóv. 2017

Fundargerðin var til kynningar

#### b. Fjárhagsáætlun 2018

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún sem stjórn hafði

samþykkt á fundi 7.11.2017. Í henni kemur m.a. fram að heildarframlög sveitarfélaganna nemi samtals 37.060 þús. sem skiptist þannig að til Tónlistarskóla eru 36.500 þús. og til lúðrasveitar 560 þús. Hluttur Skagastrandar í framlögum til Tónlistarskólans er áætlað 10.153 þús. og hlutdeild í rekstri lúðrasveitar 120 þús.

Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við áætlunina.



#### 4. Málefni fatlaðra

- a. Fundur þjónusturáðs 2. nóvember 2107

Fundargerðin var til kynningar.

- b. Rekstraryfirlit jan-sept 2017

Í rekstraryfirlitinu er gerð grein fyrir tekjum og gjöldum málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra fyrstu 9 mánuði ársins. Heildartekjur tímabilsins námu 329 milljónum og rekstargjöld 393 milljónum. Framlög sveitarfélaga námu 81 milljón og rekstrarniðurstaða tímabilsins var því jákvæð um 17 milljónir.

Rekstraryfirlitið var til kynningar.

#### 5. Sameiginleg lögreglusamþykkt sveitarfélaga á Nl. vestra

Fyrir fundinum lá tillaga að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Norðurlandi vestra.

Lögreglusamþykktin gildir því fyrir lögsagnarumdæmi eftirtalinna sveitarfélaga: Akrahrepps Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Blönduóssbæjar, Húnavatnshrepps og Húnaþings vestra.

Einnig lá fyrir fundinum tölvubréf Björns Línal Traustasonar framkvæmdastjóra SSNV sem óskar eftir afstöðu sveitarstjórnar á því hvort hún sé fylgjandi því að gerð verði sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir Norðurland vestra og ef svo sé veiti umsögn um tillögu að samþykktinni.

Sveitarstjórn samþykkti svohljóðandi bókun:

Sveitastjórn Skagastrandar samþykkir fyrir sitt leyti og telur rétt að gerð verði ein lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög á Norðurlandi vestra.

#### 6. Samningur um refaveiðar 2017-2019

Fyrir fundinum lá tölvubréf frá umhverfisstofnun þar sem kynntur er undirritaður refasamningur af Umhverfisstofnun fyrir tímabilið 2017-2019 í samræmi við áætlun sveitarfélagsins og endurgreiðsluhlutfall og óskað eftir að sveitarfélagið samþykki samninginn.

Sveitarstjórn taldi ekki rétt að undirrita samninginn á þeim forsendum sem hann byggist á.

#### 7. Hólanes ehf – hlutfjárukning

Oddviti greindi frá því að Hólanes ehf. hefði borist ósk um aukið hlutfé í Hrafnanesi ehf. Stjórn Hólanes ehf. hefði fjallað um hlutfjárukninguna og telji rétt að auka hlutfé í félaginu en það sé hins vegar háð því að sveitarfélagið auki hlut sinn í Hólanes ehf. Samþykkt að auka hlutfé í Hólanes ehf. um 6,5 milljónir króna í þessum tilgangi.

#### 8. Bréf

- a. Atvinnu og nýsköpunarráðuneytisins, 21. nóv. 2017

Fyrir fundinum lá bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem tilkynnt er um byggðakvóta til Skagastrandar sem nemur 300 þorskígildistönnum. Sveitarstjórn er jafnframt veittur frestur til 20. desember til að gera tillögur að sérstökum skilyrðum varðandi úthlutun byggðakvótans. Halldór lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um byggðakvóta þar sem hann sé eigandi að bát og geti því orðið umsækjandi um byggðakvóta. Halldór vék af fundi.

Bréfið var til kynningar og samþykkt að taka sérstakar reglur fyrir á næsta fundi.



b. Æskulýðsfélags Hólaneskirkju, dags. 12. nóv. 2017

Með bréfinu sem er sent vegna æskulýðsfélags kirkjunnar er óskað eftir 50 þús. króna styrk til barna- og æskulýðsstarfs á vegum kirkjunnar. Erindið var samþykkt.

c. Snorraverkefnisins, 20. nóv. 2017

Með bréfinu er óskað eftir stuðningi við verkefnið. Ekki var fallist á að taka þátt í verkefninu.

d. Sambands ísl. sveitarfélaga, 4. des. 2017

Með bréfinu er kynnt bóknu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem fjallað er um vernd og endurheimt votlendis.

Bréfið var til kynningar.

### 9. Fundargerðir:

a. Tólmstunda- og menningarmálanefndar, 7.11.2017

Fundargerðin var til kynningar

b. Hafnar og skipulagsnefndar, 6.11.2017

Sveitarstjórn staðfesti ákvörðun nefndarinnar um skipulagsmál skv. dagskrárliði:

2. a. Lóðablað fyrir Hólabraut 35 (a-f) staðfesting lóðamarka
- b. Staðfesting lóðamarka Einbúastíg 1 og 3
- c. Umsókn um lóðina Oddagötu 3 til byggingar einbýlishúss.

Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

a. Sameiningarnefndar 31.01.2017

Fundargerðin var til kynningar

b. Stjórnar Norðurár bs., 1.11.2017

Fundargerðin var til kynningar

c. Stjórnar SSNV, 7.11.2017

Fundargerðin var til kynningar

d. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27.10.2017

Fundargerðin var til kynningar

e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 24.11.2017

Fundargerðin var til kynningar



### 10. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 12.20

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson